

## Frumvarp til laga

um breytingar á ýmsum lögum vegna tilkomu rafrænnar eignarskráningar á verðbréfum.

(Eftir 2. umr., 11. apríl.)

### I. KAFLI

#### Breyting á lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 131/1997.

##### 1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist eftirfarandi orðskýring: *efndalok*: fullnaðaruppgjör viðskipta reikningsstofnana með rafbréf og fullar efndir á þeim, svo sem með greiðslujöfnun eða peningagreiðslu, sem lagðar eru til grundvallar við lokafærslu á reikning í verðbréfamiðstöð.

##### 2. gr.

1. másl. 3. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Stjórn verðbréfamiðstöðvar skal veita hlutafélögum aðgang að upplýsingum í verðbréfamiðstöð um skráða eigendur hlutabréfa í viðkomandi hlutafélagi sem þar er eignarskráð.

##### 3. gr.

Á eftir 1. másl. 1. mgr. 15. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Seðlabanka Íslands er samkvæmt samningi við reikningsstofnun heimil veðtrygging í rafbréfum reikningsstofnunar til tryggingar á efndalokum er lúta að greiðsluuppgjöri í greiðslukerfum, sem viðurkennd eru af ráðherra skv. 3. gr. laga um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum, nr. 90/1999, og skal skrá veðréttindin skv. IV. kafla laga þessara. Hafi reikningsstofnun ekki uppfyllt skyldur sínar innan þess frests sem ákveðinn er í gildandi reglum um viðskipti samkvæmt þessari grein er Seðlabankanum heimilt að innleysa þegar í stað þau rafbréf sem standa til tryggingar hlutaðeigandi efndalokum.

##### 4. gr.

Í stað orðsins „hennar“ í 2. mgr. 16. gr. laganna kemur: þess.

##### 5. gr.

Á eftir 32. gr. laganna kemur ný grein og breytist greinatala annarra greina samkvæmt því: Verðbréfamiðstöð er heimilt á aðildarsamningi, svo og reglum sem stjórn félagsins setur, að ákveða takmörkun eða lokun aðgangs að eignarskráningu þar vegna brota á aðildarsamningi eða reglum sem gilda um starfsemina. Telji stjórn verðbréfamiðstöðvar þess þörf getur hún í aðildarsamningi jafnframt kveðið á um refsiviðurlög í formi févítis standi reikningsstofnun ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt aðildarsamningi, enda varði brot ekki við

34. gr.

6. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða II í lögumum bætist nýr málslíður er orðast svo: Að uppfylltum skilyrðum um innköllun samkvæmt reglugerð og að lokinni yfirlæslu og eignarskráningu í verðbréfamiðstöð eru hin áþreifanlegu verðbréf ógild.

## II. KAFLI

**Breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.**

7. gr.

Í stað orðanna „viðskiptabönkum og sparisjóðum“ í 2. málsl. 1. mgr. 82. gr. laganna kemur: viðskiptabönkum, sparisjóðum og verðbréfamiðstöðvum.

## III. KAFLI

**Breyting á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998.**

8. gr.

22. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

*Hlutkesti.*

Íbúðalánasjóður innheimtir afborganir og vexti af keyptum fasteignaveðbréfum og ráðstafar því fé sem þannig innheimtist til endurgreiðslu húsbrefa eftir hlutkesti sem sýslumaður hefur umsjón með.

Íbúðalánasjóður yfirlærir eldri flokka húsbrefa í áþreifanlegu formi í rafréf samkvæmt lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 131/1997. Í auglýsingu skal tekið fram:

1. Hvaða húsbrefaflokka yfirlæra eigi hverju sinni.
2. Dagsetning yfirlæslu, svo og dagsetning fyrsta útdráttar húsbrefa í verðbréfamiðstöð og tilhögun á greiðslum síðari útdráttar þar.
3. Önnur atriði er varða yfirlæslu húsbrefa í verðbréfamiðstöð, svo sem réttarstöðu eigna áþreifanlegra bréfa gagnvart útdrætti o.fl.

Að liðnum auglýstum fresti fara útgreiðslur á hlutkesti samkvæmt þessari grein einungis fram fyrir milligöngu verðbréfamiðstöðvar. Réttthafi kröfu samkvæmt hinu áþreifanlega húsbrefi getur vitjað hennar hjá útgefanda eða reikningsstofnun sem útgefandi vísar til hafi skírteini ekki verið yfirlært til skráningar í verðbréfamiðstöð. Skal nánar kveðið á um framkvæmd hlutkestis og yfirlæslu samkvæmt þessari grein í reglugerð sem félagsmálaráðuneytið setur.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.